

Ávinningur verklegrar þjálfunar í kennslusetri



Þorsteinn Jónsson^{1,2,3} Hrund Sch. Thorsteinsson^{1,2}

1. Landspítali, menntadeild, 2. Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild HÍ, 3. Landspítali, gjörgæsludeild

Þjálfun í kennslusetri er margþætt og ávinningur hennar er talinn verulegur hvað varðar öryggi í klínísku starfi. Verklegr þjálfun er mikilvægur þáttur í námi og símenntun heilbrigðisstarfsfólks. Á Landspítala er boðið upp á færnipjálfun og hermikennslu í kennslusetri.

Megin tilgangur rannsóknarinnar var að kanna ávinning verklegrar þjálfunar á móttökudögum á vormánuðum 2022 í kennslusetri Landspítala. Jafnframt að bera saman ávinning færnipjálfunar til móts við hermikennslu.




Hermikennsla grundvallast á aðferðafræði - ekki tæknibúnaði, sem líkir eftir raun aðstæðum, aðgerðum eða inngripum í öruggu námsumhverfi, með leiðbeinanda, án þess að heilsu sjúklings sé ógnað. Kennslan er oft studd með tækni, leikmunum, búnaði og sýndarsjúklingum til að herma eftir raunheimum

Í færnipjálfun er stuðst er við hlutherra, tæki og tól til þess að ná fram verklegri færni og/eða dýpka þekkingu. Í færnipjálfun eru verkþættir gjarnan brotnir upp, til þess að nemendur öðlist dýpri skilning á framkvæmd/nálgun viðfangsefnisins

Aðferð

Þátttakendum var skipt í 5-7 manna hópa og þjálfaðir leiðbeinendur sáu um kennsluna. Nemendur fengu 60 mín færnipjálfun og 60 mín hermikennslu, en nýútskrifaðir fengu 80 mín hermikennslu. Í hermikennslunni var lögð áhersla á þjálfun teymisvinnu og í færnipjálfuninni áhersla á endurlífgun. Í lokin tóku þátttakendur afstöðu til fullyrðinga um þjálfunina á 5 stiga kvarða, 1=mjög ósammála - 5= mjög sammála.




Mynd 1. Samanburður á ávinningi verklegrar þjálfunar

Niðurstöður

Eins og sjá má á mynd 1 var í öllum tilvikum ekki marktækur munur á ávinningi færnipjálfunar og hermikennslu. Eins var ekki marktækur munur á ávinningi meðal nemenda og nýútskrifaðra, sjá mynd 2. Meðaltalið var 4,45 af 5 þegar spurt var um hversu raunveruleg/trúverðug verklega þjálfunin þótti.

Líðan þátttakenda í þjálfuninni var að meðaltali 8,45 á kvarðanum 1-10, en þegar spurt var um hversu krefjandi/erfið viðfangsefni þóttu, var meðaltalið 7,23 (1=ekki krefjandi, 10=mjög krefjandi).

Þátttakendur voru alls 249, 145 hjúkrunar- og læknanemar, og 104 nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar og læknar. Svarhlutfall fyrir færnipjálfunina var 80% (n=117/145) og fyrir hermikennsluna 65% (n=162/249).



Mynd 2. Samanburður á ávinningi verklegrar þjálfunar út nemendum og nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum og læknum

Ályktun

Ávinningur verklegrar þjálfunar í kennslusetri er margþættur. Þátttakendur læra atriði sem nýttir eru í klínísku starfi, þeir telja þjálfunina gagnlegan undirbúning fyrir raunveruleg viðfangsefni, faglegt sjálfstraust eykst og þjálfunin þykir stuðla að auknu öryggi sjúklinga.